



Stuðningsstöngin

# LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lújubjálfarar, sjúkrabjálfarar og lækna hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gífsloft.



...léttir þér lífið  
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.



# REYKJANES

22. ÁGÚST 2013  
15. tölublað 3. árgangur

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



## Glaðheimar sumarhús Blönduósi

Opið allt árið

- 20 vel búin sumarhús frá 15 m<sup>2</sup> upp í 60 m<sup>2</sup>
- Heitir pottar eru við flest hús, einnig sauna í nokkrum
- Húsín eru leigð út í vikuleigu, helgarleigu og einn dag, allt eftir óskum hvers og eins
- Gott tjaldsvæði á skjólgóðum stað



Frábær staður á góðu verði



Opið allt árið • Sími 820 1300, 690 3130  
gladheimar.is • gladheimar@simnet.is

## Nýtt skólaár að hefjast

Nú er komið að því að nemendur mæti á ný í skólann sinn eftir sumarfríð. Sumir eru að stíga sín fyrstu skref í grnnskólánámið á meðan aðrir sjá fram á að ljúka

námi í sínum skóla næsta vor. Það er alltaf sjarmi yfir skólabyrjun. Hér á Suðurnesjum er boðið uppá á gífurlega fjölbreytt nám fyrir alla aldurshópa.

Starfsfólk skólanna þurfti að mæta

fyrir til að sitja námskeið og undirbúa vetrarstarfið. Myndin er tekin í Gerðaskóla, en þangað mætti starfsfólk grunnskólanna á Suðurnesjum til undirbúnings.



Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu Fyrsta sending seldist strax upp! Kíktu á www.reverie.com



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán. vaxtalausr greiðslur\*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Frábært tilboð

REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm  
Verð aðeins kr. 379.900.-

Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm  
Verð aðeins kr. 249.900.-

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm  
Verð aðeins kr. 499.900.-

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm  
Verð aðeins kr. 369.900.-



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

## Leiðari



## Fjölbreytt og öflugt skólastarf á Suðurnesjum

Um þessar mundir hringir skólalabjallan og kallar nemendur og starfsfólk skólanna til starfa. Nýtt skólaár er að hefjast eftir sumarleyfi. Á Suðurnesjum er boðið upp á fjölbreytt og öflugt skólastarf. Sveitarfélögin hafa lagt metnað sinn í að búa þannig um hnútana að byggt hefur verið upp flott skólasamfélag. Ráðamenn á Suðurnesjum hafa fullan skilning á því að menntun er ein af forsendum þess að gott samfélag geti þrífist. Á síðustu árum hefur verið lögð mikil áhersla á að ná sem bestum árangri í skólastarfinu. Það hefur sýnt sig að verulegur árangur til hins betra hefur náðst á öllum stigum. Við erum með öflugan leikskóla, þar sem flott starf er unnið. Grunnskólarnir á Suðurnesjum hafa á síðustu árum náð betri og betri árangri. Fjölbrautarskólinn er öflugur, þar sem boðið er uppá fjölbreytt nám. Hjá Keili er unnið verulega gott starf, sem hefur veitt mörgum tækifæri til að stunda nám. Miðstöð símenntunar býður uppá fjölbreytt úrval námskeiða. Að auki eru svo starfandi öflugir tónlistaskólar og dansskólar. Við getum verið virkilega stolt af öflugum skólastarfi hér á Suðurnesjum.

### Tilgangur styrkja ESB

Það hefur óneitanlega vakið mikla athygli að höfðingjarnir í Brussel sem stjórna ESB hafi afturkallað styrki til Íslands. Nú var það alltaf sagt að þessir styrkir væru ekki veittir í þeim tilgangi að kaupa okkur í ESB. Þvert á móti sögðu já menn ESB. Er nokkuð skrítið að mörgum skuli nú finnast að tilgangur styrkjanna hafi eingöngu verið til stýra okkur inn í ESB. Reyndar er það gott að ESB skuli sýna það svart á hvítu hver tilgangurinn var.

### Ekki skemma Gleðigönguna

Gleðigangan á Hins segin dögum var mikil sýning. Að þessu sinni var undirtóninn sterkur þar sem bent var á að samkynhneigð er ekki liðin í mörgum löndum. Samkynhneigðir verða fyrir ofsóknum og þeir hafa ekki leyfi stjórnvalda til að halda gleðigöngu eins og hér er gert.

Það ber að sjálfsgöngu að fagna þeirri hugarfarsbreytingu sem orðið hefur á Íslandi síðustu árin. Það skiptir ekki máli hver kynhneigð fólks er. Það eiga allir að sitja við sama borð og hafa sömu réttindi og skyldur. Það sýndi sig í gleðigöngunni að þjóðin vill sýna samkynhneigðum stuðning sinn. Við fögnum að barátta þeirra hefur borið árangur.

Reyndar var það slæmur blettur að ákveðnir aðilar trúðu sér í gönguna af allt annarri ástæðu en að þeir væru að lýsa yfir stuðningi við baráttumál Samtakanna 78. Hópur fólks notaði gönguna til að ráðast á Bandaríkin vegna þess að ráðmenn í USA vilja láta uppljóstrara sæta ábyrgð fyrir það að brjóta lög Bandaríkjanna. Auðvitað hafa menn fullan rétt á því að gagnrýna Bandaríkin og taka upp málstað Mannings. Það á að gerast á allt ördum vettvangi. Það á ekki að blanda því saman við Hins eigin daga og Gleðigönguna. Haldi það áfram verður Gleðigangan og málstaðurinn fyrir miklum skaða.

### Ekki nefndir heldur aðgerðir strax

Fyrir síðustu kosningar lofuðu Framsóknarmenn miklu. Sjálfstæðismenn gerðu það einnig. Þessir flokkar fengu ótvírætt umboð til að mynda ríkisstjórn. Nú hefur sumarið liðið og fátt fréttist af leiðréttingum á skuldum lækkun skatta eða atvinnuuppbyggingu. Fyrir kosningar vissu menn alveg hvað átti að gera. Framsóknarmenn sögðu sínar tillögur vandaðar og auðvelt væri að standa við lofordin. Nú þarf að skipa nefndir. Nú þarf að fá sérfræðinga til að yfirfara málin.

Fyrir kosningar sagði Sjálfstæðisflokkurinn, engar nefndir heldur aðgerðir strax. Hvað breyttist?

met ritstjórakötju

## Byrjað að spila

Yfir vetrartímann er spilavist Ylla miðvikudaga á Nesvöllum. Mjög góð þátttaka hefur verið en spilað er á 25-30 borðum. Spilavistin byrjar miðvikudaginn 11. september kl. 14: 00.

## NÆSTA BLAÐ

Reykjanes kemur næst út fimmtudaginn 5. september 2013

# Fjölmenni á gleðigöngu

Það var rosalega vel mætt á Gleðigönguna á Hins eigin dögum í Reykjavík á dögnum. Reykjanes mætti á staðinn til að sýna stuðning og smella af nokkrum myndum.



## Harmonikkuball á Ljósanótt

Föstudaginn 6. september á Ljósanótt verður haldið harmonikkuball á Nesvöllum. Síðustu áre hefur vel verið mætt og mikið fjör. Það verður örugglega eins í ár. Nánar auglýst þegar nær dregur. Dansleikurinn hefst kl. 20: 00



## Hring eftir hring

Eftir sumarlokun hefur Reykjaneshöllin opnað að nýju. Hópur fólks mætir á hverjum morgni í Reykjaneshöllina og gengur nokkra hringi sér til heilsuþótar. Allir velkomnir.



## Fjölbreytt starf á Nesvöllum

Á Nesvöllum fer fram mikið og fjölbreytt starf fyrir eldri borgara. Nú er sumarið að yfirgefa okkur og þá byrjar félagsstarfið að fullu á Nesvöllum. Boðið er uppá leikfimi, listasmíðju, glerklúbb, boltajóga svo eitthvað sé nefnt.



## Árshátíð FEBS

Eldri borgarar á Suðurnesjum halda árshátíð sína laugardaginn 12. október í Stapa. Nú er um að gera að taka þennan dag frá, því það verður fjör og flottur matur. Nánar auglýst síðar.



## Snúinn Eiffeltur á Parísartorg

Undirbúningur Ljósanætur fer nú fram á ýmsum stöðum og mörg skemmtileg verkefni eru komin í vinnslu. Eitt af verkefnum verður afhjúpun listaverks á þriðja torginu á Þjóðbrautinni sem liggur frá Hafnargötu að Reykjanesbraut, sjálfu Parísartorginu. Parísartorgið er staðsett við Reykjaneshöllina og verður opnað á Ljósanótt.

Þar sem torgið ber heitið Parísartorg á að sjálfsgöngu að setja þar Eiffeltur. Það er listamaðurinn Stefán Geir Karlsson sem á heiðurinn af verkinu, sem ber heitið Snúinn Eiffeltur. Á myndinni má sjá kínverska hagleiksmenn leggja loka hönd á vinnslu verksins, en turninn fer í skip í Kína nú í vikunni.

Sveinn Númi, bjarverfræðingur, sem stýrir verkefninu hér í bæ, vonar að sjálfsgöngu að turninn komi tímanlega til landsins svo hægt verði að afhjúpa hann á Ljósanótt.

(Heimasíða Reykjanesbæjar)

## REYKJANES 15. TBL. 3. ÁRGANGUR 2013

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is.

Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is.

Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími: 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is.

Ritstjóri: Sigurður Jónsson, netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779. Myndir: Ýmsir. Umbrot: Prentsníð

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. Upplag: 8.000 eintök. Dreifing: Íslandspóstur. Vefútgáfa PDF: www.fotspor.is

REYKJANES ER DREIFT Í 8.000 EINTÖKUM ÓKEYPIS Í ALLAR ÍBÚÐIR Á REYKJANESI.



## VILTU SEGJA SKOÐUN ÞÍNA?

Fríblaðið Reykjanes vill gjarnan komast í samband við íbúa Suðurnesja. Segið ykkar skoðun með því að senda inn pistil. Sendið inn fyrirspurn. Vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á netfangið asta.ar@simnet.is eða hringið í síma 847 2779.

# Sandgerðisdagar 2013



Mánudagur 26. ágúst

## Efra Sandgerði

20:00 „Pub quiz“ spurningakeppni.  
Tónlistarkonan Friða Dís Guðmundsdóttir kynnr tónlistarverkefni sitt.  
Skráning á staðnum.

**Nýjustu fréttir herma að Sandgerðingar taki þátt í Útsvari í ár. Nú er lag að safna í lið og æfa sig!**

Þriðjudagur 27. ágúst

20:00 Pottakvöld kvenna í sundlauginni í umsjón Kvenfélagsins Hvatar.  
Stórskemmtileg dagskrá!

Miðvikudagur 28. ágúst

11:30 Grunnskólinn í Sandgerði - Setning Sandgerðisdaga með grunn- og leikskólabörnum.

## Málþing

Þekkingarsetur Suðurnesja stendur fyrir málþingi um steingervinga og fræðandi ferðabjónustu í tilefni heimsóknar ástralskra sérfræðinga á því sviði hingað til lands. Málþingið er öllum opið án endurgjalds og eru áhugamenn um jarðfræði, steingervinga og ferðabjónustu sérstaklega hvattir til að mæta.

Málþingið hefst kl. 10:00 og er haldið í húsnæði Þekkingarsetursins að Garðvegi 1, Sandgerði.

## Dagskrá

10:00 Setning  
10:10 Steingervingar á Íslandi  
Lovísa Ásbjörnsdóttir, jarðfræðingur frá Náttúrufræðistofnun Íslands  
10:30 The Age of Fishes Museum and fossils in Australia  
Monica Yeung, jarðfræðingur frá The Age of Fishes Museum  
11:30 Jarðvangur á Reykjanesi  
Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja  
11:45 Fræðandi ferðabjónusta  
Þuríður Aradóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurnesja  
12:00 Málþingslok og hádegisverður  
12:30 Skoðunarferð um Þekkingarsetur Suðurnesja

Sjávarréttasúpa og brauð verður í boði að málstofu lokinni. Verð 1.000 kr.

Skráning á málþing og í hádegisverð þarf að berast fyrir 23. ágúst á netfangið [thekkingarsetur@thekkingarsetur.is](mailto:thekkingarsetur@thekkingarsetur.is)

## Varðan

17:00 Móttaka nýrra Sandgerðinga.

## Hátíðardagskrá í Safnaðarheimilinu

19:30 Fram koma m.a. Páll Óskar og Monika, Kvennakór Suðurnesja, Marína Ósk og Söngskvísur Sigurbjargar.  
Kynnar verða Elín og Guðrún úr Gula hverfinu.

## Samkomuhúsið í Sandgerði

21:00 – 23:00 Gömludansaball fyrir alla fjölskylduna að hátíðardagskrá lokinni.  
• Hjómsveit hússins leikur fyrir dansi. Allir, ungir sem aldnir, eru hvattir til að koma og dansa. Afengislaus skemmtun.  
• Hnallþórukeppni - Keppit er um bestu kökuna og best skreyttu kökuna. Að keppni lokinni er ballgestum boðið upp á kökur.  
Tekið verður á móti kökum í keppnina frá kl. 17:30 - 18:30 í Samkomuhúsinu.

**Við hvetjum alla til þess að taka þátt í þessari skemmtilegu keppni sem endar með því að við bjóðum hvert öðru til veislu!**

Fimmtudagur 29. ágúst

## Listatorg

17:00 Ásta Pálsdóttir opnar myndlistasýningu í sal Listatorgs.  
Listatorg er opið alla daga frá kl. 13.00-17.00 og laugardaginn 31. ágúst frá kl. 13.00-19.00.

## Skýjborg

17:00-19:00 Diskótek fyrir yngstu börnin í Skýjborg

## N1 – völluminn

18:00 Reynir – KV – Fjölmennum á völluminn – Áfram Reynir!

## Varðan

20:00 Lodduganga fyrir fullorðna. „Lítið en ljúft er veitt í Loddu“. Gengið er frá Vörðunni.

## Mamma Mía

22:00-01:00 Sjonni og Vigga halda uppi stuðinu. Aðgangseyri 1.000 kr.

Frekari upplýsingar eru á [sandgerdisdagar.is](http://sandgerdisdagar.is)

Föstudagur 30. ágúst

## N1 völlum og Reynisheimilið

Knattspyrnukeppni: Norðurbær – Suðurbær.  
Saltfiskveisla fyrir keppendur í Norðurbæ – Suðurbæ.

## Samkomuhúsið

23:00 Ball með Helga Björns og Reiðmönnum vindanna.  
Húsið opnar kl 23:00. Miðaverð: 2.500 kr. í forsölu og 3.000 kr. við hurð.  
Forsala auglýst síðar.

## Íþróttamiðstöðin í Sandgerði

16:00 Sápubolti og viðavangshlaup í boði Vélsmiðju Sandgerðis – nánar upplýsingar birtast á [Sandgerdisdagar.is](http://Sandgerdisdagar.is)  
20:00 Sundlaugardísko fyrir ungt fólk fætt árið 2000 og eldri.

## Efra Sandgerði

20:00 Söngva- og sagnakvöld: Lesin og sungin ljóð eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur skáldkonu, lesið úr Ugluspegli, sagðar sögur, fjöldasöngur o.f.l.  
Kynnr verður Einar Valgeir Arason.

## Veitingahúsið Vitinn

Hjómsveitin Sín leikur fyrir dansi. Aðgangseyri 1.000 kr.

Laugardagur 31. ágúst

## Kirkjubólsvöllur - „Kastað til baka“

Styrktarmót í samstarfi við Samhjálp kvenna, Krabbameinsfélag Íslands og styrktaraðila.  
Skráning á [golf.is](http://golf.is).

11:00 Ganga í boði Fjallavina – fjallavinir.is  
Gangan hefst við Arnarhól. Frítt í sund eftir gönguna.

11:30 Dorgveiði við höfnina í umsjón Björgunarsveitarinnar Sigurveinar.

## Slökkvistöð

10:00-16:00 Opið hús

## Veitingahúsið Vitinn

Sérstakur Sandgerðisdaga matseðill. Borðapantanir fyrir matargesti.  
Kaffi, kakó og heimabakaðar kökur alla helgina. Lifandi tónlist í Vítagarðinum ef veður leyfir.

## Miðhús

13:00-17:00 Vöflukaffi, handverkssýning og markaður.

## Þekkingarsetur Suðurnesja

Opið er á Þekkingarsetrinu mánudag til föstudags frá kl. 10:00-16:00.  
Laugardag og sunnudag er opið frá 13:00-17:00 – ókeypis aðgangur.  
Alla helgina verða lifandi sjávardýr til sýnis sem gestir geta skoðað í návígi og jafnvel fengið að halda á ef þeir þora!  
Í boði er einnig skemmtilegur ratleikur í nágrenni Sandgerðisbæjar fyrir alla aldurshópa.  
Ratleikurinn tekur um klukkustund og glaðningur er í boði fyrir þá sem ná að ljúka honum.  
13:00 Grillaðar pylsur í boði Þekkingarsetursins – fyrstir koma, fyrstir fá!  
15:00 Sjávardýrum gefið að borða.  
Allan daginn verður boðið upp á skoðunarferðir um húsnæði Þekkingarsetursins, þar með talið rannsóknastaðstöðu Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands.

**Sandgerðisdagagatan 2013 er Holtsgatan. Gestir eru hvattir til þess að taka rölt um götuna.**

## Hátíðarsvæði við Grunnskólann frá kl. 13:00

- Leiktæki frá Hopp og Skopp á skólalóðinni
- Hoppukastali í boði Landsbankans
- Sölutjöld og markaður í umsjón starfsmanna Grunnskólans í Sandgerði
- Söguferð í boði Hópfærða Sævars og Reynis Sveinssonar
- Mótorhjólakappar kíkja í heimsókn
- Hestar, börnum boðið á bak
- Spákona
- Kraftakeppni
- Andlitsmálun

## Hátíðarsvið frá kl. 13:30 - 16:30

Meðal annars: Bryn Ballet Akademían, Leikhópurinn Lotta, Eypór Ingi í boði TM, Taekwondo, Ávaxtakarfan frá Leikfélagi Keflavíkur, verðlaunaafhendingar fyrir dorgveiði, sumarlestur, teiknikeppni og ljósmyndakeppni, söngur frá ungum Sandgerðingum og fleira.

## Hverfaganga - Litaganga

20:15 Hverfin hittast við Vörðuna og ganga saman að hátíðarsvæðinu við Grunnskólann.

## Hátíðarsvið við Grunnskólann frá kl. 20:30-23:00

Meðal annars: Föruneytið, hjómsveitin Mystery Boy, Klassart, glæsileg sirkusatriði í boði Samkaupa, Á móti sól, harmonikkutónlist og flugeldasýning í boði Norðuráls og Sandgerðisbæjar.

**Samkomuhúsið í Sandgerði** – Ball með hjómsveitinni Á móti sól – Nánari upplýsingar síðar.

**Vitinn** – Hjómsveitin Sín leikur fyrir dansi – Aðgangseyri 1.000 kr.

Sunnudagur 1. september

## Hvalsneskirkja

13:00 Hjólaferð út í Hvalsneskirkju. Lagt af stað frá Íþróttamiðstöðinni.  
14:00 Fjölskyldumessa. Söngskvísur Sigurbjargar syngja.  
Fjölskylda og vinir hjóla saman að Hvalsneskirkju. Boðið uppá heitt kakó og kleinur að hjólaferð lokinni.

**Við minnum á að frítt er á tjaldsvæðið í Sandgerði á Sandgerðisdögum.**  
Frítt í sund laugardag og sunnudag.  
Börn eru á ábyrgð foreldra - Virðum útivistarreglur.  
Gæludýr eru ekki leyfð á hátíðarsvæðinu.  
Frí skilavika á bókum í bókasafninu.







„Ég var búinn að vera án atvinnu lengur en ég kærði mig um. Fyrir mig var það stórt skref að setjast aftur á skólabekk en það var besta ákvörðunin sem ég hef tekið lengi.

Með Sölu-, markaðs- og rekstrarnáminu fékk ég þá þekkingu og það sjálfstraust sem þurfti til að takast á við krefjandi starf, á allt öðrum vettvangi en áður.“

Pétur Stefánsson - Sölustjóri

OPIÐ HÚS!  
Sunnudaginn  
25. ágúst  
frá 14-16

# NÁMIÐ HJÁ NTV KOM MÉR AFTUR ÚT Á VINNUMARKAÐINN!

Kostar nú 76.000 kr í stað 389.000 kr.\*

## Sölu- markaðs- og rekstrarnám

410 stunda námsbraut á sviði viðskipta- sölu- og markaðsmála sem styrkir stöðu þína í nútíma rekstrarumhverfi

*\*Fræðslusjóður atvinnulífsins niðurgreiðir námið fyrir námsmenn sem ekki hafa lokið framhaldsnámi (stúdentsprófi eða hliðstæðri menntun). Án niðurgreiðslunnar kostar námið 389.000 kr. (Flest stéttarfélag skyrkja einnig þetta nám)*

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám NTV og Mímis hentar sérstaklega þeim sem hafa áhuga á að vinna við viðskipta-, sölu- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs.

Eftir námið hefur nemandi öðlast nægjanlega innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja.

Námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Öll fög í náminu eru kennd frá grunni.

- Dagnám - Kennt er mánud. þriðjud. miðvikud. og fimmtud. frá 13-17 Byrjar 30. september og lýkur 25. febrúar
- Kvöldnám - kennt er þriðjud. og fimmtud. frá 18-22 og laugard. frá 8:30-12:30 Byrjar 1. október og lýkur 12. apríl

- Námstækni og hraðlestur (2 dagar)
- Samskipti, tímastjórnun og markmiðasetning (2 dagar)
- Framkoma og framsögn (1 dagur)
- Upplýsingatækni og tölvufærni (15 dagar)
- Verslunarreikningur (4 dagar)
- Sölutækni, viðskiptatengsl og þjónusta (4 dagar)
- Almenn markaðsfræði (5 dagar)
- Markaðsrannsóknir (6 dagar)
- „Win/Win“ Samningatækni (3 dagar)
- Excel við áætlanagerð (4 dagar)
- Lykiltölur og lausafé (3 dagar)
- Frumkvöðlafræði og fyrirtækjasmiðja (6 dagar)
- Gerð kynningarefnis (4 dagar)
- Markaðsetning á netinu (4 dagar)
- Stafræn markaðsfræði / samskiptamiðlar (4 dagar)
- Verkefnastjórnun (3 dagar)
- Gerð viðskiptaáætlunar / lokaverkefni (8 dagar)

# Sagnakvöld á Nesvöllum

Félag eldri borgara á Suðurnesjum stendur fyrir árlegu Sagnakvöld á Nesvöllum fimmtudaginn 5. september n. k. kl.20: 00. Í ár verður eldgossins á Heimaey minnst en nú eru 40 ár frá því gosinu lauk.

Sögumenn verða: Brynja Péturs-

dóttir frá Kirkjubæ, nú búsett í Garði, Jón Berg Halldórsson, Búa- staðabraut 11, nú búsettur í Vogum, Reynir Sveinsson, Sandgerði, sem var í hóopi sjálfbodaliða á vettvangi, félagi í björgunarsveitinni Sigurvon í Sandgerði. Örugglega fróðlegt og skemmtilegt kvöld.



# Fjölskyldudagar í Vogum

Um síðustu helgi var haldin heilmikil hátíð í Vogunum. Þá voru hinir árlegu Fjöl-

skyldudagar. Íbúar skreyttu hús sín og umhverfi í lit eftir hverfum. Margt skemmtilegt og frumlegt mátti þar sjá



# Málað á Garðskaga

Léó Reynisson er hér á fullu að lífga uppá Bygðsafnið á Garðskaga og veitingastaðinn Tvo vita. Kona sjómannsins stendur svo á sínum stað og nýtur sín enn betur í frísklegra umhverfi.



# Húsið okkar

Við vinkonurnar Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir ásamt undirritaðri höfum í nokkur ár rekið saman heilsuhús. Við höfum nefnt það Húsið okkar. Það er staðsett í eldra húsi Knattspyrnufélags Keflavíkur við Hringbrautina. Þar fer fram sífellt öflugri starfsemi af ýmsum toga. Öll er starfsemin heilsutengd. Allir aldurshópar af báðum kynjum geta fundið þarna eitthvað við sitt hæfi. Staðsetningin er góð og fólk kemur til okkar úr flestum byggðarlögum á Suðurnesjum. Mig langar að koma á framfæri glæsilegri dagskrá haustsins framundan. Vonumst til að sjá sem flesta.

GÓÐ HEILSA ER GULLI BETRI.  
SillaE. (Sigurbjörg Eiríksdóttir)

Næringarklúbbur fyrir líkama og sál  
Húsið okkar  
Hringbraut 10B

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvildagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	6:45 Jéga með Ágútu		6:45 Jéga með Ágútu	6:45 Jéga með Ágútu
8:30 24FIT	8:30 24FIT	8:30 24FIT	8:30 24FIT	8:30 24FIT
	10:00 Jéga með Ágútu		10:00 Jéga með Ágútu	
Zumba-Fitness 17:15 Aneta	Stafganga 17:00 Ragnheiður Ásta	Zumba-Fitness 17:15 Aneta	Stafganga 17:00 Ragnheiður Ásta	
Höfundaskóli 17:30 Guðbjörg	Jéga með Ágútu 17:15	Höfundaskóli 17:30 Guðbjörg	Jéga með Ágútu 17:15	
	Meðþinguruga 20:00 Margrét	Lífstílsnámskeið kl. 18:30		



# BRAMMER

Legur og drifbúnaður



Loft- og vökvakerfi

Verkfæri og öryggisvörur

Heimspækt vörumerki frá öllum helstu framleiðendum í iðnaðarvörum og þetta er aðeins brot af þeim merkjum sem við bjóðum upp á



Brammer Ísland ehf | Steinhella 17a | 221 Hafnarfjörður | Sími: 522 6262 | www.brammer.is



## Acer Aspire V5-552

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 2ja kjarna Turbo örgjörva ásamt nýjasta og einum öflugasta skjákjarna í heimi.


- AMD A6-5357M Dual Core 3.5GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 4GB ATI HD8450G DX11 öflugur skjákjarni
- WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0, Dolby 4.0
- 720p HD Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

Verð  
**129.900**

Einnig  
fáanleg í  
rauðu og  
svörtu

Týpa: WA V5-552-6535TM

# LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FARTÖLVUM FYRIR SKÓLANN



Verð  
**89.900**

Vnr: 59372485

### Lenovo S500

- Intel Pentium 2117U 1.8GHz
- 4GB vinnsluminni
- 15.6" HD LED skjár m.myndavél
- 500GB harður diskur
- Intel HD skjákort
- Rafhlaða með allt að 5klst hleðslu
- Windows 8 stýrikerfi
- 3 ára ábyrgð (1 ár á rafhlöðu)



Verð  
**99.900**

Vnr: TOS-L8501Z4

### Toshiba Sat L850

- Intel Core i3-2348M
- 4GB DDR3 vinnsluminni
- 500GB hljóðlátur harðdiskur
- 15.6" WXGA LED
- Intel HD Graphics 4000 skjákort
- Þráðlaust 802.11bgn netkort
- Innbyggð 1MP vefmyndavél
- Windows 8, 64-bit stýrikerfi



Verð  
**119.900**

Vnr: AH532MXB3215

### Fujitsu Lifebook AH532

- 15.6" LED backlight skjár
- Intel Core i3-3110M 2.5GHz
- 8GB DDR3 vinnsluminni
- 500GB harður diskur
- nVidia GeForce GT640M 2GB
- Innbyggð vefmyndavél
- Þráðlaust net (b/g/n)
- Allt að 6 tíma rafhlöðuending

Allar vörur  
fáanlegar í  
vefverslun á  
Omnis.is



Verð  
**134.900**

Vnr: INSPIRON5521#01

### Dell Inspiron 15R - 5521

- Intel Core i3-3227U
- 4GB DDR3 vinnsluminni
- 15.6" HD WLED True-Life skjár
- 500GB harður diskur
- Windows 8 stýrikerfi (64 Bit)
- Innbyggð vefmyndavél
- Þráðlaust net (b/g/n)
- AMD Radeon HD 8730M 2GB

**LITIR Í BOÐI:** Silfur, rauður, bleikur, blár



Verð  
**179.900**

Vnr: E1588EA

### HP Envy 15

- 15.6" HD Brightview
- Intel® Core™ i5-3230M örgjörvi
- 4GB minni
- 750GB harður diskur
- GT 740M 2GB Nvidia skjákort
- Beats Audio með 4 hátölurum
- Vefmyndavél
- Þráðlaus 802.11b/g/n
- Bluetooth 4.0
- Windows 8 stýrikerfi, 64-bit



Verð  
**199.900**

Vnr: Z0MT

### Apple MacBook Pro 13"

- Intel Core i5 2.5GHz örgjörvi
- 4GB DDR3 vinnsluminni
- 500GB harður diskur
- Intel HD Graphics 4000
- Innbyggð rafhlaða (allt að 7 klst.)
- Íslenskt lykklaborð (baklýst)
- Innbyggð HD vefmyndavél
- Þráðlaust net (b/g/n)
- Thunderbolt tengi
- Bluetooth 4.0

**AKRANES**  
Dalbraut 1

**BORGARNES**  
Borgarbraut 61

**REYKJANESBÆR**  
Tjarnargötu 7

**omnis**

# Að meðaltali 40 hundar daglega sumarmánuðina

**K**9 Hundahótel er starfrækt að Flugvöllum 6 í Reykjanesbæ. Reykjanes leit við og átti stutt spjall við Atla Þorsteinsson. Hann sagði að hótelið hefði verið stofnað árið 2004 á Vatnsnesveginum. Það var þörf á stærra húsnæði og núverandi húsnæði fór um við árið 2008. Húsnæðið er 1000 fermetrar og sérhannað fyrir þessa starfsemi.

Atli sagði nánast alltaf fullbókað alla daga yfir sumarið. Að meðaltali væru 40 hundar á hótelinu dag hvern. Hann sagði yfirleitt gott samkomulag milli hundanna enda væri þetta sérbyggt hús, þannig að hægt væri að hafa þá aðskilda. Atli sagði að lang-

flestir hugsuðu mjög vel um hundana sína. Það eru allavega hundarnir sem koma hingað í gistingu. Ég spurði Atla hvort það væri aukning á hundum á svæðinu og sagði hann svo vera.

Við veitum mjög góða þjónustu sagði Atli. Flugfarþegar sem koma með hundinn til okkar þá geymum við bílinn og skutlum fólki í flug. Sækjum svo fólkið og afhendum bílinn og hundinn.

Á hótelinu er sér álma fyrir ketti. Einnig er starfandi hundasnyrtir hjá okkur og er sú þjónusta mikið notuð. Hundaskóli er einnig á okkar vegum.

Það er alveg á hreinu að þarna fer vel um dýrin.



## Lettar kynntu sér sjálfbæra jarðvarmaorkunýtingu

**F**ulltrúar frá svæðisstjórn Riga í Lettlandi heimsóttu Grindavík nýlega. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna sér sjálfbæra jarðvarmaorkunýtingu á svæðinu og grænt hagkerfi og hvernig aðkoma bæjarins er að slíkum verkefnum. Svæðisstjórn Riga vinnur að þróunaráætlun um sjálfbæra orkunýtingu til ársins 2020 í samræmi við stefnumörkun Evrópusambandsins Euro 2020.

Róbert Ragnarsson bæjarstjóri tók á móti fulltrúum Riga í Kvikunni, ásamt Þorsteini Gunnarssyni upplýsinga- og þróunarfulltrúa. Hann kynnti þeim auðlindastefnu Grindavíkurbæjar, sýndi þeim sýningarnar í Kvikunni og svaraði svo fjölmörgum spurningum um auðlindanýtingu í Grindavík og aðkomu bæjarins að slíkum verkefnum.

(Heimasíða Grindavíkur)



# Glæsihattar í púttinu

**Þ**au voru aldeilis flott á púttvellinum einn daginn í síðustu viku. Allir skortuðu flottum höttum. Reykjanes leit við og smelli nokkrum myndum.





# Keilir – Iðandi námsmannasamfélag á Suðurnesjum

Reykjanes leitaði til Keilis til að fá mupplýsingar um starfsemina. Arnbjörn Ólafsson, markaðsstjóri, brást vel við og sendi svar.

Í haust hefur Keilir sjötta starfsár skólans en á þessum tíma hefur samfélagið á Ásbrú vaxið frá því að vera draugabær eftir brotthvarf hersins í iðandi samfélag fræða, vísinda og atvinnulífs. Á þessum tíma hafa yfir 1.500 manns útskrifast frá mismunandi deildum Keilis og því ljóst að skólinn er orðinn mikilvægur hluti samfélagsins á Reykjanesi og sér í lagi þeirrar uppbyggingar sem hefur átt sér stað á Ásbrú. Í haust hefja um 350 nemendur nám í mismunandi skólum Keilis og er það svipaður fjöldi og undanfarin ár. Í heildina stunda að jafnaði hátt í 600 nemendur nám við Keili, bæði í staðnámi á Ásbrú og Akureyri og í fjarnámi.

Skólinn skiptist í fjórar deildir Háskólabrú, Íþróttakademíu, Flugakademíu og tæknifræðinám. Háskólabrúin er bæði kennd sem hefðbundið staðnám og í fjarnámi. Boðið er upp á námið í samstarfi við Háskóla Íslands og geta útskrifaðir nemendur hafið nám við hvaða háskóla sem er á Íslandi en um 85% þeirra hafa haldið áfram í háskólanám. Háskólabrú Keilis hefur þannig á skömmum tíma veitt fjölmörgum aðilum nýtt tækifæri til náms.

Líkt og undanfarin ár býður Íþróttakademía Keilis upp á hið eftirsóttu IAK einkaþjálfaranám, en sem nýlunda er einnig boðið upp á nám í styrktarþjálfun. Árlega sækjast yfir hundrað einstaklingar eftir því að komast í námið en að jafnaði er einungis helmingur þeirra samþykktir í námið. Í haust býður Íþróttakademían einnig upp á nýtt leiðsögunám í ævintýraferðamennsku (Adventure Sport Certificate) á vegum Thompson Rivers háskólans í Kanada. Um er að ræða eins árs nám með mikla áherslu á útivist og verklega kennslu í íslenskri náttúru. Mikill áhugi er fyrir náminu en einungis 18 nemendur komast að í hvert skipti.

Flugakademía Keilis hefur á skömmum tíma skapað sér sess bæði innanlands og erlendis með hágæða kennsluvélum, samkeppnishæfu verði og fagmannlegri kennslu. Boðið er upp á bæði einka- og atvinnuflugmannsnám, auk náms í flugumferðarstjórn og flugþjónustu. Í haust hefst



einnig flugvirkjanám í samvinnu við flugvirkjaskólann AST í Skotlandi en þar er rekin elsta starfandi flugvirkjanámsbraut í Evrópu. Flugvirkjanám Keilis hefur farið afar vel af stað, en um 120 einstaklingar sóttu um þau 28 pláss sem voru í boði. Fjölmargir erlendir nemendur sækja flugnám hjá Flugakademíu Keilis og fer sá hópur vaxandi með ári hverju.

Keilir býður einnig upp á háskólanám í tæknifræði í samstarfi við Háskóla Íslands, en náminu er ætlað að mæta þeim skorti sem er á háskólamenntuðu starfsfólki í tækni- og hugverkagreinum á Íslandi. Um 30 nemendur hófu nám í tæknifræði í byrjun ágúst og bætast við sambærilegan hóp sem stunda nám á öðru og þriðja ári við skólann. Tæknifræðinámið hjá Keili er gott dæmi um samstarf atvinnulífs, rannsóknar, frumkvöðla og menntunar á Ásbrú, enda hafa nemendur unnið fjölmörg hagnýt verkefni á undanförunum árum og hafa nokkur sprotafyrirtæki orðið til í kjölfarið, þ. m. t. GeoSilica Iceland sem hefur vakið verðskuldaða athygli undanfarið.



# Ormsson Keflavík

Gerum vel við okkar viðskiptavini

Það er mikið og glæsilegt úrvaf af þalls kyns rafmagnstækjum hjá Ormsson við Hafnargötuna í Keflavík. Reykjanes leit einn morguninn við í búðinni og hittum þarv fyrir Atla. Hann sagði verslunina hafa verið starfandi í rúm 6 ár. Þetta gengur mjög vel. Það er mikil sala sagði Atli. Mest er salan í þvottavélum, ísskápum og svo í ýmsum smáum rafmagnstækjum. Okkar markmið sqagði Atli er að gera vel við okkar viðskiptavini.

Atli sagði að sparidagarnir hjá Ormsson hefðu komið gríðarlega vel út. Mikið úrvaf er einnig í versluninni af sjónvörpum og myndavélum.

Andri sagði að ef varan væri ekki til í búðinni væri lítið mál að panta hana frá höfuðstöðvunum í Reykjavík.



## Aflafréttir

# Addi Afi hefur landað 64 tonnum

Í fyrra þá var mikið makrílæði í Keflavík og keflavíkurbúinn var yfirfull af fólki sem var að veiða makríl af bryggjunni. Fjóra GK var t.d að veiðum inni höfninni þá. Núna í ár þá þarf að hafa ansi mikið fyrir þessum litla fiski. Veiði í Faxaflóa er mjög léleg samanborið við árið 2012. Svo til allir bátarnir héðan fór vestur á Hólmavík til þess að stunda veiðar þar enn mokveiði var á makrílnum enn reyndar aðeins í tæpar tvær vikur. Þeir bátar sem fóru þangað voru t.d Reynir GK sem fékk um 25 tonn í 5 löndunum og þar af 15 tonn á einum degi í tveim löndunum þar sem að önnur löndunin var rúm 9 tonn. Örninn GK 25 tonn í 6 og þar af 7,8 tonn í einni löndun. Fjóra GK 17 tonn í 3. Óli Gísla HU 21 tonn í 5, Pálína Ágústsdóttir GK 25 tonn í 7 og Svala Dis KE 20 tonn í 6, mest 7 tonn í róðri. Happsæll KE fór líka vestur enn gekk nú frekar illa og var einungis með 7 tonn í 4 róðrum.

Það vekur nokkra athygli enn minnsti báturinn héðan sem fór vestur Addi Afi GK gekk lang best af bátunum og hefur landað 64 tonnum í 14 róðrum, mest 6,7 tonn í einni löndun. Addi Afi GK kom líka langfyrstu vestur og það gaf honum smá forskot á hina bátanna.

Hópsnes GK var aflahæstur í júlí með um 160 tonn, enn heldur er nú erfitt hjá þeim núna í ágúst því þeir hafa einungis landað 20 tonnum í 6 róðrum, lentu í bilun og brælu sem stoppaði þá í rúma 3 daga. Aftur á móti þá hefur Óla á Stað GK og Þórköttlu GK gengið vel enn báðir þessir bátar eru komnir á beitningavél og hefur Óli á Stað GK landað 43 tn í 7 og þar af 11,1 tonn í einni löndun. Þórkatla GK er með 38 tonn í 6 og þar af 10,6 tonn í einni löndun. Una SU sem Stakkavík gerir út Baldur er



skipstjóri er á rær frá Djúpavogi á böllum og hefur landað 22 tonnum í 7 róðrum.

Daðey GK er með 32 tonn í 6 róðrum. Dóri GK hefur hafið veiðar eftir rúmlega mánaðarstopp og er með 25 tonn í 5. Muggur KE er á skagaströnd og er með 25 tonn í 6. Þar er líka Dúddi Gísla GK sem var að hefja veiðar eftir stopp í tæpa tvo mánuði og er með 25 tonn í 5.

Sædis Bára GK er á færum frá Skagaströnd og hefur gengið vel, hefur landað 13 tonnum í tveim róðrum. Guðrún KE er með 12 tonn í 3.

Enginn netabátur hefur landað og enginn dragnótabátur. Nokkrir Þorbjarnarlínubátarnir eru farnir af stað og er t.d Sturla GK búinn að landa 28 tonnum á Skagaströnd og Ágúst GK 12 tonn. Reyndar þegar þessi pistill var skrifaður þá voru þetta tölurnar sem voru á Fiskistofu og getur vel verið að það vanti afla uppá. Allir Vísibátarnir eru stopp núna.

Rækjuveiðar við Eldey voru bannaðar fyrir 16 árum síðan enn höfðu verið mikill atvinnuvegur og þónokkuð margir bátar stundað þær veiðar þegar þær voru leyfðar. Í ár

þá voru veiðarnar leyfðar aftur og má segja að sú úthlutun hafi verið ansi hljóðlát. Einn bátur hóf veiðar á Eldeyjarrækjunni í júlí og var það Jón Gunnlaugs ST, landaði hann um 25 tonnum í júlí. Nesfisksbátarnir Siggí Bjarna GK, Benni Sæm GK og Sigurfari GK, sem og Askur GK frá Grindavík munu fara á þær veiðar núna í ágúst. Það sem vekur hvað mesta athygli við þessar veiðar er að allur aflinn sem veiðist er ekinn í burtu og unninn annarstaðar á landinu. t.d allur aflinn af Nesfisksbátunum er ekinn til Hvammstanga þar sem Nesfiskur er með rækjuverksmiðju. Einnig eru bátarnir núna mun stærri heldur enn var þegar að Eldeyjarrækjuveiðarnar voru leyfðar. Nefna má nokkra báta sem stunduðu veiðarnar hérna á árum áður. Þorsteinn KE, Guðfinnur KE, Knarranes KE, Hjördis GK, Fengsæll GK, Ólafur GK, Sveinn Guðmundsson GK, Glaður KE og Baldur KE svo dæmi séu tekinn. Bátarnir voru reyndar mun fleiri enn þeirra verða ekki allir taldir upp hérna.

Vörður EA er kominn aftur á trollið og landaði 74 tonnum í einni löndun.

Gísli R.

# Grindavíkurbær í hópi þeirra sveitarfélaga sem eru með lægst útsvar

Í frétt Viðskiptablaðsins 11. júlí kemur fram að af 74 sveitarfélögum á Íslandi leggja níu sveitarfélög ekki á hámarksútsvar árið 2013. Grindavíkurbær er í þeim hópi og er annað af tveimur sveitarfélögum sem lækkaði útsvarsprósenta á árinu 2013. Hitt er Seltjarnarnesbær.

Sveitarfélögum ber að taka ákvörðun um álagningarhlutfall útsvars fyrir hvert ár og er heimilt að ákvarða hlutfallið á bilinu 12,44% til 14,48%.

Flest sveitarfélög á Íslandi, 65 talsins, leggja á hámarksútsvar. Grindavíkurbær, Seltjarnarnes, Garðabær, Skorradalshreppur, Hvalfjarðarsveit, Tjörneshreppur, Fljótshreppur og Ásahreppur nýta sér heimild til að hafa útsvarið lægra.

Aðeins tvö sveitarfélög, Skorradalshreppur og Ásahreppur, leggja á



lágmarksútsvar, 12,44%, og aðeins Grindavík og Seltjarnarnes, lækkuðu útsvar sitt um áramótin.

Í Grindavík lækkaði útsvarið úr 14,48% í 14,28% og á Seltjarnarnesi lækkaði útsvarið úr 14,18% í 13,66%.

Meðalútsvar á árinu 2013 er samkvæmt ákvörðunum sveitarfélaga 14,42% samborið við 14,44% á árinu 2012. Það lækkar því um 0,02% á milli ára.

Heimild:

Viðskiptablaðið 11. júlí 2013.

# Ljósanótt 2013 dagana 5. til 8. september

Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanæsbæjar er haldin fyrstu helgina í september ár hvert og lýkur ávallt með lýsingu Bergsins og glæsilegri flugeldasýningu. Í ár verður hátíðin haldin dagana 5. - 8. september.

Bæjarbúar taka virkan þátt í hátíðinni og framboð menningarviðburða hefur aukist ár frá ári jafnt og gestafjöldi.

Áhersla er lögð á viðamiklar uppákomur frá fimmtudegi til sunnudags þótt hápunktur hátíðarinnar sé á laugardeginum.

Margvíslegir menningarviðburðir leika stórt hlutverk á Ljósanótt. Fjöldi myndlistarmanna sýnir verk sín víðsvegar um bæinn auk þess sem gallerý og vinnustofur listamanna



verða opnar. Á Listasafni Reykjanæsbæjar eru ávallt áhugaverðar sýningar. Þá eru tónlistarviðburðir áberandi í tónlistarbænum Reykjanæsbæ.

Einnig má nefna fjölbreytta barnadagskrá, kjötsúpu, púttmót, fornbíla, mótörhjól, íþrótt- og tómsundaviðburði og svo margt fleira.

Ljósanótt er menningar- og fjölskylduhátíð án áfengis og eru foreldrar

hvattir til þess að virða útvistartíma barna og unglinga.

Menningarvið hefur umsjón með hátíðinni en framkvæmdastjóri þess er Valgerður Guðmundsdóttir, netfang valgerdur.gudmundsdottir@reykjanæsbær.is

Fyrirspurnir og upplýsingar um Ljósanótt eru veittar í gegnum netfangið ljosanott@ljosanott.

# Fjölbrautarskóli Suðurnesja

250 nýmenar að byrja

Reykjanes hafði samband við Kristján Ásmundsson skólameistara Fjölbrautarskóla Suðurnesja til að fréttir af byrjun nýs skólaárs.

Í dag eru nýnemarnir að koma til okkar og við erum með hinn svokallaða nýnemadag. Þá er farið yfir skipulagið hérna og þeim kennt á kerfið og fá þannig tíma til að skoða þetta í aðeins meira næði áður en allir nemendur mæta á svæðið.

Það eru um 250 nýmenar sem eru að byrja hjá okkur á haustönn en heildarnemendafjöldinn verður um 1050. Þetta er heldur færra en verið hefur undanfarin haust. Strákar eru fjölmennari en stúlkur. Hlutfall þeirra er rúm 54% en stúlkur eru tæp 46% nemenda. Mikil breidd er í nemendahópnum hjá okkur og nemendur geta valið úr námi á um

40 mismunandi brautum, bæði verklegt nám, starfsnám og síðan bóknám til stúdentsprófs. Rúmlega helmingur nemenda okkar er á stúdentsbrautum, um 15% á verknámsbrautum, svipað hlutfall á starfsnámsbrautum (um 15%). Um 12% er síðan á almennri braut og 3-4% er á starfsbraut fyrir þá nemendur sem þurfa meiri þjónustu. Við segjum því gjarnan að hér ættu allir að geta fundið nám og námshraða við sitt hæfi.

Heildarfjöldi starfsmanna er tæplega 100 (97 en stuðningsfulltrúar geta bæst við) og þar af eru um 80 (82) kennarar.

Kennarar mæta á fyrsta kennarafund á mánudaginn (19. ág.) en síðan verður stuttur kennsludagur og skóla-setning á miðvikudaginn. Kennslan hefst síðan á fullum krafti á fimmtudaginn.



## Sagnasíðdegi með Ásmundi þingmanni

Fimmtudaginn 5. september n. kl. kl 14:00 verður sagnasíðdegi á Nesvöllum. Það er Ásmundur Friðriksson, þingmaður, sem verður með sagnasíðdegið.



# UltraGlozz®

er margfaldur sigurvegari sem **sterkasta og endingarbesta bílabónið**

Rétta vetrarbónið á bílinn. **Polir tjörupvott og sterkustu þvottaefni.**

Gagnast sérlega vel þeim sem þvo bílana sína reglulega á bílapvottastöðum

**Prófaðu bónið og þú sannfærist**



Fæst í verslunum BYKO og N1 um allt land

[www.ultraglozz.is](http://www.ultraglozz.is)



# MEÐ BLIK Í AUGA


LJÓSANÓTT 2013

HANAKAMBAR

HÁRLAKK &

HERÐAPÚÐAR

TÓNLIST & TÍÐARANDI  
ÁRANNA 80 - 90



#### Frumskýning

4. september kl. 20:00

#### 2. sýning

fimmtudaginn 5. september kl. 20:00

#### 3. Sýning

sunnudaginn 8. september kl. 16:00

#### 4. sýning

sunnudaginn 8. september kl. 20:00

#### Höfundur, fararstjóri og sögumaður

Kristján Jóhannsson

#### Tónlistarstjóri

Arnór B. Vilbergsson

#### Leikstjóri

Gunnheiður Kjartansdóttir

ANDREWS LEIKHÚSIÐ  
Á ÁSBRÚ

Nú lokast hringurinn með yfirreið yfir níunda  
ártuginn í tónum, tali og myndum.



Íslandsbanki

Miðaverð kr. 4.500.-

Miðasala á miði.is



REYKJANESBÆR



MENNINGARRÁÐ  
SUDURNESJA



Háar í mittið

Slim fit, stretch  
á 12.900 kr.  
Stærð: 34 - 56

Fleiri snið og efni  
Buxur frá Danmörku,  
Ítalíu og Hollandi

**black pepper**  
FASHION

Laugavegi 178  
(Bolholtsmegin)  
Sími 555-1516

Opið virka daga  
kl. 11 - 18,  
laugard.  
kl. 11 - 16



## Hefur lokun Garðvangs áhrif á samstarfið?

Það hefur ekki farið framhjá íbúum Suðurnesja að ekki eru allir á sama máli hvort fyrirhuguð lokun Garðvangs í Garði sé rétt

ákvörðun. Reykjanes leitaði til stjórnarmanna hjá Samabndi sveitarfélaga á Suðurnesjum og spurði hvort þetta kæmi til með að hafa áhrif á samstarfið.



**Einar Jón Pálsson, Garði:**

### Garðmenn og Sandgerðingar ekki sáttir

Það er ekki að ástæðulausu að menn velti fyrir sér hvort það muni hafa áhrif á samstarf innan SSS ef af lokun Garðvangs yrði. Nú er best að halda því til haga að ég tel ekki að til þess komi að Garðvangur loki enda er það vilji bæjarfulltrúa Garðs og Sandgerðis að starfsemi verði þar áfram. Bæjarstjórnir sveitarfélaganna hafa fundað um málið og látið vinna úttekt á þeirri stöðu sem komin er upp. Þá hafa fulltrúar sveitarfélaganna fundað með heilbrigðisráðherra um mögulega lausn á stöðunni.

En til að svara því til hvaða áhrif þetta hefur



á samstarf innan SSS þá er nokkuð ljóst að Garðmenn og Sandgerðingar eru ekki sáttir við framkomu fulltrúa Reykjanesbæjar og Voga í þessu máli eins og margoft hefur komið fram. Við höfum hinsvegar náð að vinna mjög vel saman innan stjórnar SSS á þessu kjörtímabili og ég verð að segja að það væri slæmt að sundrung yrði þar.

Ég hef borið mikið traust til bæjarfulltrúa á Suðurnesjum enda unnið mikið með

þeim á liðnum árum. Þetta eru einstaklingar sem leggja mikið á sig til að vinna fyrir sitt sveitarfélag og Suðurnesin öll. Nú hefur kapp sumra þeirra fyrir uppbyggingu í Reykjanesbæ komið niður á því sem unnið hefur verið eftir hingað til, sem er að hafa hjúkrunarheimili í hverju sveitarfélagi.

Það er ljóst að þegar trúnaðarbrestur verður þá tekur tíma að vinna þann trúnað til baka. Við verðum að sjá hver framvinda mála verður á komandi vikum, ég mun leggja mitt að mörkum til að leysa þetta mál í sátt við aðra sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum.

**Ólafur Þór Ólafsson, Sandgerði:**

### Efast um að Garðvangi verði lokað

Fyrst verð ég að segja að ég efast um að Garðvangi verði lokað þó svo að fulltrúar Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Voga í stjórn DS telji það rétt skref. Það er þörf á frekari uppbyggingu hjúkrunarrýma á Suðurnesjum og því þversögn að það eigi að loka þeirri starfsemi sem fyrir er þó vissulega sé þörf á því að vinna að endurbótum á húsnæðinu. Við í smærri sveitarfélögum á Suðurnesjum getum heldur ekki sætt okkur við þá stefnu að



öll uppbygging á öldrunarþjónustu eigi að fara fram í Reykjanesbæ og að stærsta sveitarfélagið á svæðinu sé tilbúið til að beita aflsmunum til að skerða þjónustu og draga úr atvinnutækifærum hjá nágrönnum sínum. Ég held hins vegar að nú sé tímabært að menn snúi bökum saman í þessu

máli í stað þess að vera að kýtast á milli sveitarfélaga. Það þarf að sækja á ríkisvaldið til að plássum á hjúkrunarheimilum fjölgi á Suðurnesjum og það gerum við best með því að standa saman í þessu máli sem og öðrum. Ég trúi að fólk sýni þann þroska að halda áfram að hlúa að því ágæta samstarfi sveitarfélaga sem er á svæðinu, enda væri annað óábyrgt og ekki í hag Suðurnesjanna. Það má heldur ekki gleyma því að hér einungis verið að fjalla um eitt verkefni af þeim fjölmörgu sem unnin eru sameiginlega af sveitarfélögum á Suðurnesjum.

**Ásgeir Eiríksson Vogum:**

### Lokun Garðvangs hefur ekki áhrif á samstarfið

Ég hef nýverið tekið sæti í stjórn SSS fyrir hönd Sveitarfélagsins Voga og því ekki haft aðkomu að því máli sem hér um ræðir. Fyrirhuguð lokun Garðvangs mun að mínu mati ekki hafa áhrif á samstarfið innan SSS, enda fjölmörg hagsmunamál svæðisins alls sem þar eru



til úrlausnar hverju sinni. Þrátt fyrir að fulltrúa aðildarsveitarfélaganna greini í þessu tilviki á um leiðir að settu marki er það eigi að

siður hagsmunir svæðisins og íbúa þess sem ræður fyrir hverju sinni. Í málefnum DS rétt eins og öðrum málum mun stjórn SSS hér eftir sem hingað til hafa sameiginlega hagsmuni svæðisins að leiðarljósi og standa vörð um þá.

**Bryndís Gunnlaugsdóttir, Grindavík:**

### Auðvitað hefur þetta einhver áhrif

Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum sem almennt gengur undir nafninu DS er samstarfsverkefni Reykjanesbæjar, Sandgerðis, Garðs og Voga. Grindavíkurbær er ekki aðili að því samstarfi og tók þar af leiðandi ekki þátt í þeirri ákvörðun að loka Garðvangi í Garði. Við fyrstu sýn ætti þessi ákvörðun því ekki að hafa áhrif á samstarf



hefur ávallt verið stefnt að því að aðilar ræði sig saman á niðurstöðu sem allir geta verið

sáttir við. Horfandi á þessa niðurstöðu utan frá gefur í skyn að slíkt hafi ekki átt sér stað í þessu máli og þá vakna þær spurningar hvort slík vinnubrögð munu vera tekin upp víðar í samstarfi sveitarfélaganna. Þ.e.a.s. að í stað þess að ræða málin og reyna að finna sameiginlega niðurstöðu þá sé farið í atkvæðagreiðslu og aðilar ganga ósáttir frá borði. Slík vinnubrögð geta aldrei verið fyrirmynd af heilbrigðu og góðu samstarfi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

**Gunnar Þórarinnsson, Reykjanesbæ, formaður SSS:**

### Sameiginlegir hagsmunir og gagnkvæmur skilningur

Ritstjóri blaðsins Reykjanes óskar eftir svari við spurningunni, „Hvaða áhrif hefur sú ákvörðun að loka Garðvangi í Garði á samstarf sveitarfélaganna á Suðurnesjum?“ Samstarf sveitarfélaganna á Suðurnesjum byggist á sameiginlegum hagsmunum og gagnkvæmum skilningi eins og allt samstarf þarf að gera. Í slíku samstarfi felst m. a. ákvarðanatáka sem allir hlutadeigendur verða aldrei alltaf sammála um. Sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaganna hér eru margvíslegir, t. d. í málaflokkum



eins og sorphirðu, samgöngumálum og menntamálum svo að eitthvað sé talið. Það sem helst þarf að hafa að leiðarljósi í samstarfi sveitarfélaga er annars vegar þjónustan við íbúana og hins vegar útgjöld sveitarfélaganna, þ. e. skattborgaranna, og sú hagkvæmni sem þar er unnt að ná fram. Sú ákvörðun stjórnar DS og bæjarstjórnanna í Reykjanesbæ og Vogum að nýta

heimildir ríkisins um 93 hjúkrunarrými aldraðra sem sveitarfélögin er standa að DS hafa á Hlévangi og Nesvöllum, uppfyllir þessi skilyrði. Breytt tilhögun mun hafa í för með sér bættu þjónustu við vistmenn og aðstandendur þeirra og útgjöld viðkomandi sveitarfélaga og/eða ríkisins verða lægri.

Grunnforsendan er sú að svo lengi sem hagsmunir sveitarfélaganna á Suðurnesjum liggja saman er þörf fyrir samstarf þeirra innan Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.



Sigurjónsbakarí - Hólmgarði 2 - 230 - Reykjanesbæ

## NÝ BÖKUÐ BRAUÐ ALLA DAGA

VERIÐ VELKOMIN  
Í SIGURJÓNSBAKARÍ HÓLMGARÐI

OPNUNARTÍMI

mánudaga - föstudaga 07:00-18:00


laugardaga 08:00-16:00

sunnudaga 09:00-16:00

**Flott fót fyrir flottar konur**  
**Stærðir 38-58**

**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



**JE-VÉLAVERKSTÆÐI**

Gránugötu 13 • 467 1296  
Siglufirði

**Gæðapjónusta  
& góð verð**

# STERKIR Í STÁLINU Í 40 ÁR




**VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI**

**40**  
ÁRA  
**GA**

**SMÍÐAJÁRN**

GUÐMUNDUR ARASON EHF  
Skútuvogi 4, 104 Reykjavík  
Rauðhelli 2, 220 Hafnarfjörður  
Sími 568 6844 - ga@ga.is  
www.ga.is

- STÁLBITAR
- PLÖTUJÁRN
- PRÓFÍLAR
- ÁL
- RYÐFRÍTT STÁL
- BLIKKPLÖTUR
- PVC PLÖTUR
- POM ÖXLAR



## Merkir Suðurnesjamenn

Jóhann Einvarðsson er einn af þeim sem settu mjög svip sinn á Suðurnesin með því að gegna ýmsum trúnaðarstörfum og vinna að hagsmunamálum svæðisins. Jóhann lést 3.nóv.2012 en hann varð 74 ára.

Jóhann var bókari í fjármálaráðuneytinu 1958—1962, fulltrúi í sama ráðuneyti 1962—1966. Bæjarstjóri á Ísafirði 1966—1970. Bæjarstjóri í Keflavík 1970—1980. Aðstoðarmaður félagsmálaráðherra 1983—1987. Starfsmaður Vörubílastöðvar Keflavíkur nokkra mánuði 1991 og umhverfis- og heilbrigðismálaráðuneytisins 1992. Framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Suðurnesja og Heilsugæslustöðvar Suðurnesja frá 1992 til starfsloka.

Gjaldkeri Handknattleiksráðs Reykjavíkur 1961—1962 og formaður þess 1962—1966. Í stjórn HSÍ 1974—1976. Í stjórn Hitaveitu Suðurnesja 1975—1979, 1984—1988 og 1990—1992, formaður 1975—1979. Í stjórn Samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi (SASÍR) 1971—1978, formaður 1974—1975. Í stjórn samstarfsnefndar sveitarfélaga á Suðurnesjum, síðar



Jóhann Einvarðsson

Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) 1971—1980. Formaður stjórnar Sjúkrahúss Keflavíkur læknafræðis 1970—1980. Í fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga 1974—1980. Sat á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1980 og 1990. Fulltrúi í Þingmanna-samtökum Norður-Atlantshafsríkjanna 1980—1983 og 1987—1991. Í stjórn fulltrúaráðs framsóknarfélaga í Keflavík og formaður þess 1984—1986. Í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1985—1987. Sat þing Alþjóðaðingmannasambandsins 1995.

Alþm. Reykjaneskjördæmis 1979—1983, 1987—1991 og 1994—1995 (Framsfl.).

Garður:

## Mikill meirihluti vill hafragraut

Í janúar sl. var könnun lögð fyrir í 1.–9. bekk Gerðaskóla í Garði. Spurt var hvort keypt yrði hafragrautsáskrift fyrir barnið ef slíkt stæði til boða á hagstæðu verði. 95 vildu það en 49 ekki. Hafa skal hugfast að verðandi 1. bekkur var ekki með í könnuninni. Skólamatur er tilbúinn að gera tilraun með þetta til áramóta og selja skammtinn á 100 kr. pr. dag í áskrift (selt sem mánaðaráskrift eins og hádegismaturinn) og skammtur í lausasölu kostar 200 kr. Skömmtun færi fram frá kl.7:45-8:15. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með þetta framtak.

Fréttatilkynning:

## Nýir barnabókahöfundar stíga fram

Brosbókin, ný myndskreytt barnabók, eftir Jónu Valborgu Árnadóttur og Elsu Nielsen er komin út hjá Sölku.

„Dag einn hverfur brosið hennar Sólu á dularfullan hátt. Mamma og pabbi eru í öngum sínum. Hafði Sóla týnt brosinu sínu á meðan hún svaf? Hafði kannski einhver stolið því?“

Brosbókin er nútímalegt ævintýri þar sem allt getur gerst. Myndskreytingarnar iða af lífi og leik og gefa hugmyndafluginu lausan tauminn.

Útgáfuleði og opnun sýningar á myndskreytingum úr bókinni verður laugardaginn 24. ágúst kl. 13 - 15 í aðalsafni Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15. Sýningin er hluti af dagskrá Menningarnætur.

Jóna Valborg Árnadóttir og Elsa Nielsen sameina hér krafta sína í glænýrri íslensku barnabók. Jóna er höfundur hugmynda og texta og Elsa á heildurinn af hönnun og myndskreytingum. Brosbókin er þeirra fyrsta höfundaverk.

Jóna Valborg er með M.Paed. gráðu í íslensku og kennslufræði. Hún hefur kennt íslensku, lífsleikni og leiklist í framhaldsskólum og sat um tíma í ritnefnd tímaritsins Börn og menning. Jóna hefur jafnframt starfað við



auglýsingar og markaðsmál, verkefnastjórnun og almannatengsl en stundar nú meistaranám í mannaúdstjórnun.

Elsa Nielsen útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands og starfaði í 13 ár sem Art Director á auglýsingastofu ENNEMM en rekur nú eigið hönnunarfyrirtæki. Hún hefur hlotið margar viðurkenningar og verðlaun fyrir grafíska hönnun. Elsa hefur haldið fimm einkasýningar á sviði málalistar og verið með í nokkrum samsýningum.

## Gamla myndin



Árið 1941 tóku börn Guðmundar Þórðarsonar útgerðarmanns í Gerðum, höndum saman og hófu byggingu hraðfrystihúss við Gerðavör.

Matthías Oddsson var þá ráðinn til þess að standa fyrir byggingarframkvæmdum og taka að sér verkstjórn við fiskiðnaðinn, er byggingu væri lokið.

Húsið var fullbúið og tók til starfa árið 1943.

Matthías var síðan verkstjóri hjá hraðfrystihúsi Gerðabátanna í 37 ár samfleytt.

Frystihúsið var í eigu systkinanna, Finnþoga, Þórðar, Jóns, Hauks, Guðrúnar, Kristínar og Hjördísar Guðmundarbarna og Kristins Árnasonar skipstjóra. Þegar frystihúsið var byggt, var lítið um byggingarefni vegna stríðsins, t. d. var ekki hægt að fá timbur.

Þessu var bjargað með því að rífa íbúðar- og verzlunarhús (Guðmundarhús í Gerðum) sem faðir þeirra Guðmundur Þórðarson hafði

byggt rétt eftir aldamótin 1900 úr steinsteypu, en klætt innan með timbri.

Einnig fékkst nokkur rekaviður til viðbótar. Þetta bjargaðist vegna hugkvæmni og útsjónarsemi Matthíasar.

Fyrirtækið starfaði til ársins 1972 og gegndu þeir Finnþoga og Þórður störfum framkvæmdastjóra allan tímann, en Jón bróðir þeirra annaðist rekstur skrifstofu í Reykjavík. Hraðfrystihús Gerðabátanna gekk í Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna og sáu samtökin um sölu á framleiðsluvörum fyrirtækisins alla tíð. Með stofnun Hraðfrystihúss Gerðabátanna hf. Var brotið blað í atvinnusögu Gerðahrepps. Fyrirtækið var þegar í upphafi vel búið tækjum og með tilkomu þess jókst atvinna í plássinu og varð stöðugri. Bátar á vegum Hraðfrystihúss Gerðabátanna hf. voru: Árni Árnason GK 70 og Guðmundur Þórðarson GK 75 (sem Kristinn Árnason var skipstjóri á) Trausti GK 9, Ægir GK 8 og Óðinn GK 22.

NÁTTÚRULEGA



## GÓÐUR ÁRANGUR ER ENGIN TILVILJUN.

\*\*\*\_

PINNID  
Á MINNID



Reynd er ört vaxandi hugbúnaðar- og ráðgjafafyrirtæki sem hefur á skömmum tíma skipað sér í flokk með fremstu fyrirtækjum landsins á þessu sviði.

Við sérhæfum okkur í lausnum fyrir verslana- og veitingarekstur ásamt því að veita almenna ráðgjöf og þjónustu fyrir Microsoft Dynamics NAV viðskipta-hugbúnað og LS Retail.

Reynsla starfsmanna fyrirtækisins nær út fyrir hið hefðbundna svið upplýsinga-tækninnar og innan fyrirtækisins eru aðilar sem hafa mikla reynslu af greiningu gagna, ráðgjöf til stjórnenda, breytingarstjórnun og rekstri fyrirtækja, innanlands sem og erlendis.

Markmið Reyndar er að gera viðskiptavinum sínum kleift að ná þeim árangri sem þau sækjast eftir. Það gerum við með því að veita þeim faglega og persónulega þjónustu og hugsa með þeim í leit að bestu mögulegu lausnunum hverju sinni.

Hafðu samband. Við hugsum með þér.

# Við hjá Bor ehf. erum sérfræðingar í steypusögun og kjarnaborun

**Hringdu og við  
gerum tilboð, þér að  
kostnaðarlausu.**



**Nánari upplýsingar:**  
Guðjón Þór, S: 895 9490  
borehf@simnet.is

# LOKADAGAR **ORMSSON** SPARIDAGA



**20% afsláttur**  
af **AEG**  
kaffivélum,  
brauðristum,  
handþeyturum,  
töfrasprotum,  
hraðsuðukönnum,  
espressovélum,  
straujárnnum,  
o.m.fl.



**20% afsláttur**  
af **AEG**  
ÞVOTTATÆKJUM  
KÆLISKÁPUM  
OFNUM  
HELLUBORÐUM  
GUFUGLEYPUM  
RYKSUGUM o.m.fl.



Það er at, annríki og gaman á lagernum á SPARIDÖGUM – í þína þágu.

## Allar vörur á SPARIDÖGUM frá

**AEG** **brabantia** **Tefal** **SAMSUNG**  
**Pioneer** **SHARP** **OLYMPUS** **Verbatim** **Nintendo**

LAVATERM  
**ÞURRKARAR**

ISLENSKT STJÓRNBOÐ

**AEG**

Barkalausir  
Rakaskynjari  
Þaumagn: 7-8 kg  
Íslensk  
notendahandbók



á Sparidögum:  
VERÐ FRÁ  
**111.920**

LAVAMAT  
**ÞVOTTAVÉLAR**

ISLENSKT STJÓRNBOÐ

1200-1600 snún.  
Þaumagn 6-9 kg  
Öll hugsanleg  
þvottakerfi  
Kolalaus mótur  
Íslensk  
notendahandbók

á Sparidögum:  
VERÐ FRÁ  
**108.720**

### Frábær heimilistæki frá **AEG**

VELDU VANDAÐ  
ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF!



**20% afsláttur**

**Tefal**

Jamie Oliver

**POTTAR&PÖNNUR**  
TÆR SNILLD!



**20% afsláttur**



Úrval Samsung kæli- og frystiskápa á góðu verði.  
Dæmi: 178 cm hárfvítur skápur = ~~Kr. 129.900~~  
á Sparidögum: **110.400**



Treystu Samsung til að framleiða afburða uppþvottavélar.  
Verð frá ~~Kr. 159.900~~  
á Sparidögum: **135.900**



**STÓRKOSTLEG NÝ SAMSUNG SJÓNVÖRÞ**

6400 / 6600 LÍNAN  
**SPARIDAGA TILBOÐ:**

UExxF6475SB:  
40" = 199.900  
46" = 249.900  
55" = 379.900  
65" = 699.900  
75" = 1.290.000

UExxF6675SB:  
40" = 259.900  
46" = 319.900  
55" = 459.900

Sjá nánar: [samsungsetrid.is](http://samsungsetrid.is)

Tilvaldir fyrir kjötsúpuna og hangikjötið!  
7, 10 og 14 lítra stál pottar á frábæru verði!



Allinox



**AEG**  
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**20% afsláttur**

Frábært úrval ryksuga frá AEG  
ÞÆR GERAST EKKI BETRI

OPIÐ VIRKA DAGA  
FRÁ KL. 10-18  
LAUGARD KL.11-15

**ORMSSON**

HAFNARGÖTU 25 · KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535 [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)